

Enska 4. bekkur

Kennari: Kristín Heiða Þórisdóttir

Öll kennsla í Grunnskólanum á Hellu byggir á grunnskólalögum og aðalnámskrá grunnskóla. Í greinahluta aðalnámskrár grunnskóla frá 2013 eru hæfniviðmið í erlendum tungumálum sett fram í sjö flokkum: hlustun, lesskilningur, samskipti, frásögn, ritun, menningarlausni og námshæfni. Hæfniviðmiðin eru ekki tengd ákveðnum bekkjum heldur er settur þriggja stiga rammi sem auðveldar skipulag á einstaklingsmiðuðu námi, þar sem hæfni nemenda í færniþáttunum er mismikil, byrjunarreitur ekki sá sami hjá öllum og námshraði mismunandi. Miðað er við að í lok grunnskólans hafi þorri nemenda lokið 3. stigi.

Á blaðsíðum 125-131 í 20. kafla aðalnámskrár, sem fjallar um erlend tungumál, má sjá töflu yfir þá hæfni sem hver nemandi skal búa yfir við lok hvers stigs.

Sjá:

[http://vefir.nams.is/namsmat/pdf/grunnskoli\\_greinanamskrar\\_netutgafa\\_2013.pdf](http://vefir.nams.is/namsmat/pdf/grunnskoli_greinanamskrar_netutgafa_2013.pdf)

Kennsluhættir

**Hlustun:** Nemendur hlusta á mismunandi texta sem fjallar um ýmis efni. Nemendur venjast því að heyra enskt mál og að kennari noti málið í tímum. Nemendur hlusti á lög og horfi á myndir með ensku tali.

**Lesskilningur:** Nemendur lesi margvíslega texta sem tengjast námsefninu.

**Samskipti:** Nemendur þjálfist í að nota tungumálið til samskipta í kennslustundum og geti tjáð sig á einfaldri ensku.

**Frásögn:** Nemendur þjálfist í að segja einfaldar setningar á ensku.

**Ritun:** Nemendur skrifa einfaldar setningar og auki við orðaforða sinn með því að vinna á margvíslegan hátt með ensk orð.

**Menningarlausni:** Nemendur kynnist helstu siðum og hátíðum í ensku þjóðlífi s.s. allra heilagra messu, jólum, páskum og Valentínusar degi.

**Námshæfni:** Nemendur taka þátt í hópavinnu og paravinnu og læri að vinna saman að margvíslegum verkefnum.

Námsgögn: Speak Out textabók, Work Out vinnubók, ýmis ljósrit og Youtube myndbönd.

**Námsmat**

Lykilhæfni nemenda metin jafnt og þétt í allri vinnu sem fram fer í kennslustofunni ásamt þeim verkefnum sem nemandinn á að sinna sjálfur heima og/eða í tíma.

Á annarskilum er þekking og leikni nemenda metin með prófum (munnlegu og skriflegu) eða með mati á þeim verkefnum sem þeir hafa unnið yfir önnina.